24. gr.

Nú hrekkur fé sjóðsins eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur, sbr. 18. gr. og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði. Tryggja má slík lán með veði í eignum og tekjum sjóðsins.

VII. KAFLI
Reikningar og endurskoðun.

25. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert og þá lagðir fyrir Bjargráðastjórn til samþykktar.

Ríkisendurskoðunin endurskoðar reikninga sjóðsins og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Úrskurður endurskoðunarinnar skal lagður fyrir stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Reglugerð þessi, sem samin er af Bjargráðastjórn, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 189 2. nóv. 1951 fyrir Bjargráðasjóð Íslands.

Félagsmálaráðuneytið, 18. apríl 1967.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 59. 19. apríl 1967.

SAMÞYKKT
fyrir Veiðifélag Gljúfurár í Mýrasýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Gljúfurár í Mýrasýslu. Heimili þess og varnarþing er í Borgarnesi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, er land eiga að Gljúfurá frá Klaufhamarsfossi að ármótum hennar og Norðurár að undanskildu Hópi og að- og frárennsli þess (Skarðslæk og Hópstokk), en þær eru:

1. Grísartunga í Stafholtstungnahreppi.
2. Sauðhússkógur í Stafholtstungnahreppi.
3. Stóru-Skógar í Stafholtstungnahreppi.
4. Litlu-Skógar í Stafholtstungnahreppi.
5. Haugar í Stafholtstungnahreppi.
6. Sólheimatunga í Stafholtstungnahreppi.
7. Svignaskarð í Borgarhreppi.
8. Fróðhús í Borgarhreppi.
9. Gljúfurá í Borgarhreppi.
10. Tandrasel í Borgarhreppi.
11. Ferjukot í Borgarhreppi.

12. Ferjubakki I (Trana) í Borgarhreppi.
13. Ferjubakki II í Borgarhreppi.
14. Ferjubakki III í Borgarhreppi.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og leigja það til stangaveiði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir til eins árs í senn.

Kjósa skal þrjá varamenn, svo og tvo endurskoðendur.

5. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir þess milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, er vinna þarf á hverjum tíma og hún getur eigi sjálf annazt, og semur um þóknun fyrir.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema leigutaka, er stjórnin semur við um tiltekið tímabil. Í leigumála skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og samningskjör að öðru leyti. Áskilja má, að leigutaki skuli skyldur til að annast viðhald veiðihúss.

6. gr.

Aðalfund skal halda í maí mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og verða þeir bornir undir atkvæði og samþykktir eða felldir.

7. gr.

Reikningsárið er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, er henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrár, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af veiði, hvort sem eru leigutekjur eða tekjur af sameiginlegri veiði, ef því er að skipta, skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum sem þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæm XVII. kafla laxveiðilaganna nr. 53 5. júní 1957.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53, 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 19. apríl 1967.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.